

6. Innheimta.

6.1. Gjöld þessi greiðast hjá gjaldkera Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30, 7. júní 1985, um Veðurstofu Íslands, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um sama efni, nr. 480, 27. nóvember 1986.

Samgönguráðuneytið, 29. desember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur S. Valdimarsson.

11. desember 1987

Nr. 602

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bolungarvík.

1. gr.

Gjald fyrir hundahald í Bolungarvík skal vera kr. 500,00 á mánuði frá og með 1. mars 1988.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera 4 000,00 í fyrsta skipti, kr. 8 000,00 í annað skipti og kr. 12 000,00 í þriðja skipti frá og með 1. mars 1988.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Bolungarvíkur staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til að öðlast gildi frá og með ofangreindum degi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Bolungarvíkur-kaupstað nr. 118 frá 13. mars 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. desember 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

28. desember 1987

Nr. 603

AUGLÝSING

um áskriftargjald Stjórnartíðinda.

Áskriftargjald hefur verið ákveðið kr. 1 500,00 fyrir árganginn 1988.

Einstök hefti kosta kr. 50 séu þau minna en 50 bls., en kr. 100 séu þau stærri.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1987.